

Norðurál Helguvík ehf
Stakksbraut 1
250 Garður

Reykjavík, 11. nóvember 2019
UST201901-220/S.M.
08.07.02


Reglubundið eftirlit í álver Norðuráls í Helguvík

Þann 20. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í álver Norðuráls í Helguvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaefstirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfallst


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurálf Helguvík Helguvík

UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	20.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurálf Helguvík	Eftirlitsmaður	
Heimili	Stakksbraut 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4702072800	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Torfi Dan Sævarsson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	325803,637 396347,214

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Norðuráls í Helguvík. Staðfest var að engin starfsemi er í gangi og núllskýrslum vegna græns bókhalds og útstremmisbókhalds hefur verið skilað fyrir 2018. Ein ábending var gerð er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Norðuráls í Helguvík og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Mælingar og skráningar (gr. 3.1 og 3.2)
- Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 4.4 og 4.5)
- Tryggingar (gr. 4.6)
- Síðasta eftirlitsskýrsla
- Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Staðfest var að engin starfsemi er hafin og ekki liggur fyrir hvort eða hvenær rekstur hefst. Einu breytingarnar eru að flutt verður af svæðinu efni sem getur nýst í starfsemi Norðuráls á Grundartanga, s.s. raflagnir, rafmagnstöflur og giröingaefni.

Farið var yfir greinar starfsleyfisins er varða mælingar og skráningar og rætt um að endanlegar áætlunar þurfa að vera kynntar Umhverfisstofnun a.m.k. einu ári fyrir gangsetningu. Núllskýrslum vegna græns bókhalds og útstremmisbókhalds hefur verið skilað fyrir 2018.

Rætt var um viðbragðsáætlun vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda og voru kynntar nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa. Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlanir sínar með hliðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á.

Rekstraraðili er með tryggingar í samræmi við kröfur starfsleyfisins.

Skoðaðar voru niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu en þá var gerð ábending um huga mætti að frágangi vegna járnabindinga og rafmagnstaflna sem geymdar eru á verksmiðjugólf. Rekstraraðili hefur brugðist við og hyggst flytja hluta efnisins eins og áður hefur komið fram.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar en með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tilni vettvangsheimsókna á mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar og áhættumetur starfsemi samhlíða vettvangsheimsóknum ársins. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um svæðið og ekki var tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlanir sínar með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa, ef þörf er á.

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir